

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra, fimmtudaginn 20. desember 2007 í máli

nr. S-308/2007:

Ákærvaldið

(Svavar Pálsson fulltrúi)

gegn

X

(Pétur Kristinsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. nóvember sl., er höfðað með ákæru ríkislögrelustjóra, útgefinni 26. september 2007, á hendur X,

„fyrir umboðssvik með því að hafa þriðjudaginn 29. ágúst 2006, misnotað aðgang sinn að gjaldeyrisviðskiptakerfi í Netbanka hlutafélagsins Glitnis, með því að nýta sér með kerfisbundnum og sviksamlegum hætti kerfisvillu í gjaldeyrisviðskiptakerfinu, sem var til komin vegna mistaka starfsmanna félagsins við forritun þess sem leiddi til þess að kaup- og sölugengi víxlaðist, og hafa þannig aflað sér kr. 3.132.561,95 með samtals 491 færslu á gjaldeyrisreikningum sínum nr. 565-38-710142, 565-38-710210, 565-38-100087 og 565-38-100200 þar sem hann í öllum tilvikum keypti dollara fyrir evrur og seldi síðan strax aftur fyrir evrur. Vegna kerfisvillunnar fékk ákærði í öllum tilvikum í þessum viðskiptum til sín þá fjárhæð sem undir eðlilegum kringumstæðum rennur til bankans í formi álags.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.á.m.hæfileg málsvarnarlaun sér til handa verði ákærði sýknaður. Verði ákærði sakfelldur fellur verjandi hans frá kröfu um málsvarnarlaun.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum sendi Glitnir banki hf. kæru til ríkislögreglustjóra með bréfi, dags. 30. ágúst 2006. Í kærinni segir að þann 29. ágúst 2006 hafi starfsmenn Glitnis banka orðið varir við grunsamleg viðskipti með gjaldeyri í netbanka Glitnis. Þar hafi verið um að ræða einstakling sem keypti og seldi ítrekað dollara fyrir evrur. Við skoðun hafi komið í ljós galli í kerfum bankans sem leitt hafi til þess að viðkomandi hafi hlotið ólögmætan ávinning af færslunum. Í kærinni var verknaðinum lýst þannig að viðkomandi hafi farið inn í netbanka Glitnis hf. og valið millifærslu. Hann hafi lagt inn (keypt) dollara og tekið út evrur (selt). Netbankinn hafi gefið honum krossgengi (fjöldi dollara í einni evru, t.d. 1,2725 dollara fyrir eina evru). Segir svo í bréfinu að í öllum bankaviðskiptum kaupi viðskiptavinir gjaldeyri á herra verði en þeir selji gjaldeyri á. Því tapi viðskiptavinur þessum mun kaupir hann og selji gjaldeyri á sama tíma. Viðkomandi einstaklingur hafi átt hundruð slíkra viðskipta á dag. Við venjulegar aðstæður myndi viðskiptavinur tapa verulegum fjárhæðum en vegna galla í kerfum bankans hafi þetta leitt til þess að hann hafi hlotið verulegan ólögmætan ávinning. Í gögnum málsins kemur fram að villan hafi falist í því að bankinn víxlaði kaup- og sölugengi í netbanka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin hafi verið þau að fjárhæð hverra viðskipta væri ekki hærri en að jafngildi tveggja milljóna íslenskra króna, að viðskiptin væru á milli tveggja erlendra gjaldmiðla og að viðskiptaupphæðin væri slegin inn í svokallaðri mótmynt.

Í kæru Glitnis banka hf. kemur fram að nánari eftirgrennslan hafi leitt í ljós að nokkrir einstaklingar hafi um hríð nýtt sér þennan veikleika í kerfum bankans til þess að afla sér ólögmæts ávinnings af ítrekuðum færslum sem augljóslega hafi ekki haft viðskiptalegan tilgang. Um hafi verið að ræða fjóra einstaklinga sem allir hafi verið viðskiptamenn útibús bankans á Akureyri, þar á meðal ákærði í máli þessu. Hann hafi á síðustu dögum framkvæmt hátt í 500 færslur og ætla megi að ávinningur hans af þeim hafi verið hátt í þrjár milljónir króna. Ólögmætur ávinningur hafi skapast á evrureikningi og dollarareikningi sem hann hafi millifært yfir á krónureikning sinn hjá Glitni.

Kemur fram að ákærði hafi þann 29. ágúst fært kr. 3.000.000,- af krónureikningi sínum hjá Glitni yfir á reikning í KB banka. Jafnframt hafi hann fært kr. 2.000.000,-, í tvennu lagi, yfir á reikning Almennu lögbjónustunnar ehf. í KB banka.

Jafnframt því að kæra háttsemi ákærða var óskað eftir því af hálfu Glitnis að fjármunir á framangreindum reikningum yrðu kyrrsettir í þágu rannsóknar málsins og til þess að auka möguleika bankans á að endurheimta fjármunina í samræmi við heimildir í 78. gr. og 85. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þann 30. ágúst 2006 sendi ríkislögreglustjórinn bréf til KB banka þar sem tilkynnt var um haldlagningu á kr. 3.000.000,- sem lagðar hefðu verið inn á tilgreindan reikning ákærða í bankanum þann 29. ágúst 2006. Var þess krafist að bankinn afhenti efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans umrædda fjármuni. Að kvöldi þess dags var ákærði yfirheyrður á lögreglustöðinni á Akureyri. Um hádegi daginn eftir var ákærði aftur boðaður til skýrslutöku og honum kynnt framangreind ákvörðun um haldlagningu. Þann 13. september sendi ríkislögreglustjórinn bréf til Glitnis hf. þar sem tilkynnt var um haldlagningu fjármuna á reikningum ákærða hjá Glitni og þess krafist að þeir yrðu afhentir efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans. Þann 21.

september 2006 ræddi lögreglumenn við E gjaldeyrismiðlara hjá Glitni í því skyni að afla frekari upplýsinga og gagna vegna málsins. Ákærði var yfirheyrður að nýju þann 20. október 2006.

II.

Ákærði kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Kvaðst hann starfa sem [...] á Akureyri og aðspurður um reynslu kvað hann einu reynslu sína af gjaldeyrisviðskiptum fram að atvikum þessa máls vera þá að kaupa gjaldeyri fyrir utanlandsferðir. Hann hafi enga reynslu af spákaupmennsku en hann kvaðst líta á viðskipti sín umræddan dag sem spákaupmennsku. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna fyllilega hvort hann hafi átt gjaldeyrisreikninga áður en hann stofnaði þá reikninga sem tengjast þessu máli en kvaðst telja að hann hefði ekki áður átt slíka reikninga.

Ákærði kvað aðdraganda þess að hann framkvæmdi þær millifærslur sem mál þetta er sprottið af vera þann að einhvern tíma um helgina 26.-27. ágúst 2006 hafi A haft samband við sig símleiðis og sagt sér að hann væri að höndla með evrur og dollara. Nú væri hagkvæmt gengi á milli gjaldmiðlanna þannig að unnt væri að hagnast á viðskiptum með þá. Ákærði kvað A einungis hafa hafi verið að velta fyrir sér gildi gerninganna og að aldrei hafi hvarflað að þeim sú hugsun að þetta væri ólöglegt eða refsivert. Ákærði greindi frá því að hann hefði heimsótt A og sagt honum að hann þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur af gildi gerninganna þar sem hann væri einfaldlega að fá tilboð frá bankanum sem hann svo samþykkti. Kvaðst hann hafa bent A á að ef viðskiptin væru af einhverjum ástæðum ekki gild myndi bankinn einfaldlega leiðrétt eða bakfæra viðskiptin en til þess hefði hann ótvíræðan rétt.

Ákærði kvað A ekki hafa farið nákvæmlega yfir það í heimsókninni til hans hvernig ætti að framkvæma viðskiptin til að mynda hagnað að öðru leyti en því að A hafi sagt sér að það væri gengið á milli dollara og evru sem væri hagstætt. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna hvort A hafi sagt sér að einstök viðskipti ættu ekki að fara yfir tiltekið hámark.

Ákærði bar að einum eða tveimur dögum eftir heimsóknina til A hafi hann farið í Glitni banka með gjaldeyri sem hann átti eftir ferðir sínar til útlanda. Kvaðst hann hafa stofnað nokkra gjaldeyrisreikninga og lagt smáar upphæðir inn á þá. Einnig kvaðst ákærði hafa hitt Jón bróður sinn þegar hann fór í bankann til að opna reikningana. Hann hafi skýrt honum frá því að það væri hægt að hagnast á þessum viðskiptum og það væri upplagt fyrir hann að prófa þetta líka. Hann þyrfti bara að fylgja leiðbeiningum bankans um kaup á evrum fyrir dollara.

Ákærði kvaðst hafa prófað að eiga viðskipti daginn eftir að hann stofnaði gjaldeyrisreikningana. Kvaðst hann hafa litið svo á að hagnaðurinn myndaðist vegna þess að gengi milli evru og dollara væri hagstætt og því mætti hagnast á því að kaupa evrur fyrir dollara. Í því samhengi benti ákærði á að ef maður átti dollara og hugðist skipta þeim yfir í íslenskar krónur var hagkvæmara að skipta þeim fyrst yfir í evrur og skipta svo evrunum yfir í íslenskar krónur. Gengið milli evru og dollara hefði verið þannig að með þessu móti fengjust fleiri íslenskar krónur fyrir dollarana. Ákærði kvaðst hafa fært fé fram og til baka á milli evrureiknings og dollarareiknings og að við færslurnar hafi myndast hagnaður við færslu í aðra áttina en tap við færslu í hina. Hagnaðurinn sem myndaðist af færslu í aðra áttina hafi

hins vegar verið meiri en sem nam tapi af færslu í gagnstæða átt og því hafi verið hagnaður af heildarviðskiptunum. Ákærði kvað viðskiptin hafa farið þannig fram að hann hafi skráð sig inn í heimabankann og öll viðskiptin hafi farið þar fram undir nafni hans. Engin leynd hafi hvílt yfir þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neitt athugasvert við viðskipti sín, hann hafi stundað þau í sex klukkustundir og í þeim hafi verið að myndast hagnaður. Hann hafi séð þetta þannig að evran hafi verið á góðu verði og hann hafi því keypt evrur af kappi. Þetta hafi verið hagkvæm viðskipti og hafi hagnaðurinn myndast með því að selja á hærra verði en maður keypti en um það snúist málið. Það hafi aldrei hvarflað að honum að um ólöglegt athæfi væri að ræða og að alls ekki hefði vakað fyrir honum að hagnast á mistökum bankans. Ákærði kvaðst þess raunar ekki fullviss enn þá að um einhvers konar kerfisvillu hafi verið að ræða hjá bankanum. Aðspurður kvað ákærði það hafa komið fram í leiðbeiningum bankans að ekki væri unnt að kaupa fyrir meira en tvær milljónir í einu og því hafi hann ekki reynt að eiga stærri viðskipti í einu.

Ákærði bar að hann hefði ætlað að halda áfram sínum bankaviðskiptum daginn eftir en þá hafi verið búið að loka öllum reikningum hans. Hann hafi hringt í bankann og rætt við B starfsmann Glitnis. Hann hafi tjáð henni að hann hafi átt í hagkvæmum gjaldeyrisviðskiptum daginn áður og spurt hvort hann gæti ekki haldið þeim áfram. Honum hafi verið tjáð að það væri einhver bilun hjá þeim og allt lægi niðri. Um kl. 22:30 hafi lögreglan sótt hann heim og yfirheyrt hann fram á nótt.

Aðspurður um framlagðar skjámyndir kvaðst ákærði ekki muna hvort hann færði alltaf inn fjárhæð í dollurum en kvað þó vel hugsanlegt að hann hefði reiknað út hæfilega fjárhæð, undir tveimur milljónum íslenskra króna, í dollurum og notast við hana og þar með slegið alltaf inn dollarafjárhæðina. Hins vegar séu í málinu lagðar fram skjámyndir sem hafi verið prentaðar út síðar og þetta séu ekki sömu myndir og voru þegar hann átti þessi viðskipti. Ákærði kvaðst hafa hvatt lögreglu til að afla þeirra skjámynda sem notaðar voru þegar hann átti umrædd viðskipti en það hafi ekki verið gert.

Aðspurður um þá fjóra reikninga sem nefndir eru í gögnum málsins vísar ákærði til þess að hann hafi keypt sér dollara fyrir kr. 100.000,- og lagt þá inn á reikning nr. 100200. Þá hafi hann einnig keypt evrur fyrir aðrar kr. 100.000,- og lagt inná reikning 710210. Þessa tvo reikninga kvað ákærði vera málinu algerlega óviðkomandi. Ofangreindar innlagnir séu einu hreyfingarnar á þessum tveimur reikningum en samt hafi hann verið ákærður vegna þeirra og inneignirnar haldlagðar og byggt á því að fjárins hafi verið aflað með refsiverðum hætti. Ákærði kvaðst hafa byrjað með 1.900.000 krónur og eftir daginn hafi upphæðin verið komin í 5.009.305 krónur. Hagnaður dagsins hafi því numið 3.109.305 krónum. Lögregla hafi hins vegar lagt hald á 3.201.078 krónur eða 91.000 krónum meira en hagnaðinum nam og kvaðst ákærði ekki hafa fengið neinar skýringar á því. Ákærði kvað haldlagningu á 3.000.000 króna hafa verið borna undir sig og hann hafi samþykkt hana. Hins vegar hefði honum aldrei verið skýrt frá því að hald hefði einnig verið lagt á tvo gjaldeyrisreikninga hans með alls um 200.000 krónum.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir Glitni banka hf.

Vitnið C, viðskiptafræðingur og fráfarandi aðstoðaryfirlögregluþjónn við embætti ríkislögreglustjóra gaf skýrslu fyrir dómi. Kvað vitnið kæru hafa borist frá Glitni banka hf. vegna viðskipta fjögurra einstaklinga með gjaldeyri í netbanka bankans. Viðkomandi hafi verið taldir hafa misnotað aðgang sinn að netbankanum og hagnýtt sér villu í kerfum bankans til að hagnast með ólögmaetum hætti. Á grundvelli kæru bankans og meðfylgjandi skjala hafi verið talinn vera rökstuddur grunur um afbrot og starfsmenn ríkislögreglustjórans hafi farið til Akureyrar og yfirheyrt hin grunuðu. Vitnið kvaðst hafa yfirheyrt eitt þeirra og verið viðstaddur yfirheyrslu yfir öðrum á síðari stigum málsins. Aðspurt kvað vitnið ákærðu öll hafa lýst því við yfirheyrslur að þau myndu skila peningunum til bankans. Ákærði hafi einnig lýst því yfir við bankann. Aðspurt kvað vitnið D hafa sett saman framlögð yfirlit merkt ríkislögreglustjóranum. Hún hafi sinnt rannsókn málsins að mestu en borið ýmis atriði undir vitnið. Kvað vitnið það rétt að yfirlitin byggi á gögnum frá Glitni.

Aðspurt kvað vitnið upplýsingar um kerfisvilluna byggða á upplýsingum starfsmanna bankans, hún hafi ekki verið skoðuð sérstaklega þar sem enginn ágreiningur hafi verið um að hún hafi verið til komin með þeim hætti sem bankinn lýsti. Það hafi legið í augum uppi að um villu væri að ræða þar sem bankinn hafi á hverjum tíma verið að kaupa gjaldeyri á hærra verði en hann seldi hann, svo lengi sem ákvæðin skilyrði um fjárhæð og innslegna mynt voru fyrir hendi. Kerfisfræðingar bankans hafi ekki verið yfirheyrðir. Vitnið kvað það rétt að þær skjámyndir af notendaviðmóti sem liggja frammi í málinu séu ekki nákvæmlega eins og þær skjámyndir sem blöstu við ákærða þegar hann átti viðskiptin. Breytingin hafi hins vegar verið minni háttar og falist í því að nú væri búið að bæta einhverjum texta inn í skjámyndina, undir glugganum þar sem upphæð var slegin inn, eða fella út slíkan texta. Kvað vitnið lögreglu hafa kannað þetta atriði en ekki hafi verið unnt að útvega skjámyndir eins og þær voru áður.

Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna lagt hafi verið hald á fé á þeim tveimur reikningum sem ekki voru notaðir við millifærslurnar umræddan dag.

Aðspurt kvaðst vitnið telja að það liggi fyrir að Glitnir hafi ekki orðið fyrir tjóni af þessum atvikum vegna eftirfarandi viðbragða bankans. Vísað er til þess að ríkislögreglustjórinn miði í sínum gögnum við gengi Seðlabanka Íslands og kveðst vitnið telja það sakborningum til hagsbóta að miða við sem lægst gengi.

Vitnið D, viðskiptafræðingur og lögreglufulltrúi við embætti ríkislögreglustjóra kvaðst fyrst hafa komið að málinu eftir að búið var að taka ákvörðun um að hefja rannsókn þess. Vitnið hafi þá verið sent ásamt fleiri starfsmönnum til Akureyrar til að ræða við þá sem samkvæmt kærinni höfðu stundað hin meintu ólögmaetu viðskipti. Vitnið kvaðst svo hafa tekið við umsjón rannsóknarinnar þegar á leið.

Vitnið kvaðst hafa tekið þátt í yfirheyrslum á Akureyri og hafi sakborningar verið yfirheyrðir tvisvar, fyrst að kvöldi þess dags sem kært var, 30. ágúst 2006 og svo aftur næsta dag. Vitnið kvaðst svo hafa farið aftur til Reykjavíkur og unnið þar rannsóknarvinnu en komið svo aftur til Akureyrar síðar ásamt C og þá yfirheyrt nánar alla þá sem kærðir voru.

Vitnið kvaðst hafa fengið í hendurnar gögn frá Glitni banka og úr þeim hafi hún unnið eigin gögn og yfirlit sem hún hafi borið undir sakaborningana í málinu og hafi þeir ekki gert neinar athugasemdir við vinnu hennar. Við vinnsluna kvaðst vitnið ekki hafa breytt neinu heldur hafi vinnslan einkum falist í að setja gögnin upp á skýrari hátt, bæði í þágu rannsakenda og sakborninga. Vitnið kvaðst við rannsóknina hafa óskað eftir nánari skýringum og gögnum frá bankanum og þá hafi E komið til hennar og skýrt málið nánar og um þann fund hafi vitnið svo ritað svokallaða eigin skýrslu. Þá kvað vitnið ekki hafa verið ágreining um atvik málsins eða um kerfisvilluna sjálfa.

Vitnið kvaðst ekki vita nákvæmlega um atvik sem varða haldlagningu fjár í málinu en kvað sakborninga hafa lýst því við fyrstu yfirheyrslur að þeir vildu skila fénu og peningarnir hafi allir enn þá verið til staðar.

Vitnið E kerfis- og hagfræðingur kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa starfað við gjaldeyrismiðlun hjá Glitni banka og forverum hans í um 10 ár. Auk gjaldeyrismiðlunar kvaðst hann koma þar að tölvumálum tengdum gjaldeyrisviðskiptunum. Ef upphæð gjaldeyrisviðskipta í netbanka nemi meira en sem jafngildi tveggja milljóna íslenskra króna sé ekki notað almennt gengi heldur gefi starfsmenn þá upp sérstakt gengi í hverju tilviki. Stafir það bæði af því að starfsmenn vilji fylgjast með stórum færslum sem geti haft áhrif á gjaldeyrisstöðu bankans auk þess sem gengi í stórum viðskiptum sé yfirleitt eilítið hagstæðara fyrir viðskiptavininn. Aðspurt um þá villu sem hér er til umfjöllunar kvað vitnið hafa komið upp villu í forriti þannig að kaup- og sölugengi hafi víxlast. Þetta hafi aðeins verið í ákveðnum tilvikum; aðeins þegar upphæð var undir tveimur milljónum og aðeins ef verslað var með gjaldeyriskross, ekki í viðskiptum með íslenskar krónur. Þá hafi kaupandi, við val á upphæð, þurft að slá inn svokallaða mótmynt. Í framangreindu tilviki hafi verið verslað með evrur fyrir dollara og aðeins hafi komið fram villa ef upphæð var valin í dollurum en ekki ef evrur voru valdar þar sem evra sé alltaf grunnmynt í viðskiptum milli evru og dollars á gjaldeyrismörkuðum.

Vitnið kvað bankann, í venjulegum viðskiptum, kaupa á lægra gengi en hann selur á. Einhverra hluta vegna hafi þetta snúist við í forriti bankans. Bankinn hafi verið að kaupa gjaldeyri en verðlagt hann eins og hann væri að selja. Ef mynt var keypt og svo seld aftur hafi myndast munur sem sat eftir hjá viðskiptamanninum. Viðskiptavinurinn hafi keypt á lægra verði en hann seldi á. Á venjulegum degi myndu menn tapa lítillga á því að kaupa og selja strax aftur. Slíkur hagnaður myndist ekki nema fyrir mistök. Menn hagnist ekki af venjulegum gjaldeyrisviðskiptum nema taka einhverja áhættu. Undir eðlilegum kringumstæðum tapi menn á því að kaupa og selja á sama augnabliki. Hins vegar geti menn hugsanlega hagnast á gjaldeyrisviðskiptum með því að kaupa, bíða í nokkra daga og selja þá eftir gengisbreytingar.

Aðspurt um hvernig starfsmenn bankans hafi orðið varir við að eitthvað væri öðruvísi en það átti að vera kveður vitnið þá sem starfa við gjaldeyrismiðlun í bankanum hafa séð að viðskiptavinur keypti og seldi strax aftur nokkrum sinnum. Þar hafi verið um að ræða viðskipti sem námu meira en tveimur milljónum króna

og því hafi þau komið til kasta þeirra. Vitnið hafi skoðað viðskiptin og séð að viðkomandi tapaði smá í hvert skipti þar sem hann keypti á hærra verði en hann seldi á en gerði þetta þó ítrekað. Vitnið hafi ákveðið að skoða þetta betur og kannað gjaldeyrisreikninga viðkomandi. Þar hafi strax mátt sjá ótrúlegan fjölda færslna sem bentu til þess að eitthvað væri að. Vitnið hafi skoðað þetta nánar ásamt tölvufólki og lögfræðingum og smám saman hafi þau áttað sig á því hvað var að gerast. Í kjölfar þess hafi verið skoðað hvort fleiri hafi stundað samskonar viðskipti og komið í ljós að þrír aðrir viðskiptamenn hefðu gert það.

Vitnið kvað að unnt hafi verið að eiga viðskipti með svokallaða gjaldeyriskrossa, þ.e. á milli tveggja erlendra mynta án þess að íslenska krónan komi við sögu, í gjaldeyrisviðskiptakerfinu frá 12. desember 2005 og að allan þann tíma hafi villan verið í kerfinu. Slík kerfi séu prófuð en ekki sé hægt að útiloka villur með öllu. Almennt eigi viðskiptamenn þó að geta treyst því að slík kerfi virki rétt. Vitnið kveðst minna að á þeim tíma sem villan var inni hafi verið nokkrar færslur af þessu tagi af öðrum en þessu fjórum einstaklingum og tap bankans af því hafi alls numið um hundrað þúsund krónum. Þar hafi ekki verið um að ræða ítrekaðar færslur sömu aðila heldur eðlileg viðskipti.

Aðspurt um hvort þeir einstaklingarnir sem um ræðir hafi hlotið að gera sér grein fyrir að þetta væri ekki í lagi kveðst vitnið telja það svo, í ljósi þess fjölda færslna sem um ræðir. Menn myndu ekki endanlega taka eftir því af einni færslu en eftir tvær færslur, eina í hvora átt, væri komin hærri upphæð á reikninginn en byrjað var með og það væri augljóst þeim sem sæti við og framkvæmdi slíkar millifærslur.

III.

Ákærði hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa þriðjudaginn 29. ágúst 2006, í gjaldeyrisviðskiptakerfi í netbanka Glitnis banka hf., fært fé á milli tveggja gjaldeyrisreikninga, annars vegar evrureiknings og hins vega dollarareiknings. Þegar millifært er af evrureikningi yfir á dollarareikning eru evrurnar seldar fyrir dollara en þegar fært er til baka eru evrur keyptar fyrir dollara. Ákærði hefur viðurkennt að hafa byrjað viðskipti með 1.900.000 krónur en í lok dags, að loknum tæplega fimm hundruð færslum hafi hann verið búinn að hagnast um 3.109.305 krónur.

Er ákærða gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Segir þar að ef maður sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varði það fangelsi allt að 2 árum en allt að 6 árum séu sakir mjög miklar.

Ákærði krefst sýknu á þeim forsendum að háttsemi hans brjóti ekki í bága við framangreint ákvæði hegningarlaganna.

Ákærði byggir meðal annars á því að ekki sé sannað að um kerfisvillu hafi verið að ræða í netbankanum.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði aðila og vitna er ljóst að á umræddum tíma var unnt að hagnast á því einu að færa fjármuni viðstöðulaust á milli reikninga í netbanka Glitnis. Þó var þetta aðeins mögulegt að fjárhæð hveurrar millifærslu væri ekki hærri en að jafngildi 2.000.000 íslenskra króna en þá gengið ákvarðað vélrænt á meðan stærri viðskipti fóru inn á borð gjaldeyrismiðlara bankans sem þá sáu um að bjóða gengi. Millifærsla úr einum gjaldmiðli yfir í annan felur í sér að annar gjaldmiðillinn er keyptur fyrir hinn og verðið í þeim viðskiptum kallast í daglegu tali gengi eða krossgengi. Í gjaldeyrisviðskiptum er gengi milli gjaldmiðla sett fram með þeim hætti að gefið er upp hve miklu ein eining af öðrum gjaldmiðlinum jafngildi í hinum. Er fyrnefndi gjaldmiðillinn kallaður grunnmynt en sá síðari mótmýnt. Sem dæmi má nefna að skráning á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónum er sett fram þannig að íslenska krónan er mótmýnt en erlenda myntin grunnmynt, t.d. hve margar krónur þarf að greiða fyrir einn dollara eða hve margar krónur fást fyrir einn dollara. Gengi milli evru og dollars er sett fram þannig að evran er grunnmyntin en dollarinn mótmýnt. Fjármálastofnanir sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á gjaldeyrisviðskipti setja fram bæði kaupgengi og sölugengi. Með kaupgengi er átt við það hve mikið af mótmýntinni viðkomandi banki er tilbúinn að greiða fyrir eina einingu af grunnmyntinni og sölugengi táknar það hversu mikið af mótmýntinni þarf að greiða bankanum fyrir eina einingu af grunnmyntinni. Það leiðir af eðli málsins að kaupgengi bankans á hverjum tíma verður að vera lægra en sölugengið til þess þjónustan fái staðist. Sé þessu öfugt farið er að mati dómsins augljóst að mistök hafi orðið af hálfu bankans. Samkvæmt gögnum málsins og skýrslum aðila og vitna verður að telja sannað að kaup og sölugengi í netbanka hafi víxlast í tilvikum þegar ákveðin skilyrði voru uppfyllt og verður því að telja sannað að um villu hafi verið að ræða í kerfum bankans.

Einnig byggir ákærði sýknukröfu sína á því að bankinn hafi, samkvæmt eigin skilmálum, rétt til að bakfæra einhliða þegar mistök verða. Bankinn hafi því ekki orðið bundinn af viðskiptunum og því skorti á að fullnægt sé skilyrðum 249. gr. hegningarlagna.

Viðskipti ákærða fóru þannig fram að hann valdi í heimabankanum að millifæra tiltekna upphæð af einum gjaldeyrisreikningi sínum á annan. Birtist þá yfirlit þar sem fram kom hvaða gengi byðist og var það þá ákærða að ákveða hvort hann gengi að þeim kjörum. Ef hann valdi að greiða var millifærslan framkvæmd á því gengi sem boðið var. Verður að líta svo á að bankinn hafi gert honum tilboð sem hann samþykkti. Þegar hann samþykkti voru viðskiptin frágengin. Ákærði fékk umrædda fjármuni í sínar vörslur og gat þar með ráðstafað þeim að vild. Verður því að líta svo á að með samþykki ákærða hafi komist á samningur milli aðila sem er bindandi í samræmi við reglur um skuldbindingargildi samninga. Verður ekki fallist á að ákvæði í skilmálum Glitnis um rétt til að bakfæra þegar mistök verða haggi þeirri staðreynd. Slíkt ákvæði á vitanlega einkum við þegar mistök uppgötvast sem hvorugum aðilanum hefur verið kunnugt um áður, en það getur ekki haft þau áhrif að háttsemi teljist refsilaus sem ella væri refsiverð. Verður því miða fullframningu brotsins við samþykki tilboðs og hafna þeirri málsástæðu ákærða að framangreindur áskilnaður bankans geti haft áhrif á það.

Ákærði byggir einnig á því að hann hafi ekki haft ásetning til brotsins og sýkna beri hann af þeim ástæðum. Hann hafi stundað viðskiptin í netbanka sínum undir nafni þannig að engin leynd hafi hvílt yfir gerðum hans. Hann hafi aðeins framkvæmt viðskipti sem bankinn hafi boðið upp á, hann hafi samþykkt tilboð bankans um tiltekin kjör. Ákærði hafi ekki gert sér grein fyrir að hagnaður hans stafaði af mistökum hjá bankanum og hafi því ekki haft ásetning til að misota sér þessa aðstöðu.

Samkvæmt gögnum málsins hóf ákærði umræddar færslur þannig að þann 29. ágúst 2006, klukkan 10:22 millifærði hann 1.900.000 íslenskar krónur inn á evrureikning, alls 21.141,65 evrur. Klukkan 10:24 millifærði hann af evrureikningnum á dollarareikning 25.000 dollara sem hann færði aftur á evrureikninginn klukkan 10:25. Hann greiddi 19.450,71 evru fyrir dollarana en fékk 19.575,60 evrur fyrir þá þegar hann seldi þá aftur. Klukkan 10:42 keypti hann 1.000 dollara fyrir 777,84 evrur og seldi strax aftur fyrir 782,84 evrur. Klukkan 10:52 keypti ákærði 25.000 dollara fyrir 19.447,69 evrur og seldi aftur klukkan 10:54 fyrir 19.577,13 evrur. Í kjölfarið færði hann nánast stöðugt milli tveggja reikninga, oftast á milli 28.000 og 28.500 dollara og valdi þá upphæð sem færa skyldi alltaf í dollurum. Í hvert skipti greiddi hann minna fyrir dollarana en hann fékk þegar hann seldi þá strax aftur. Millifærði ákærði nær stöðugt á þennan hátt til klukkan 15:54 þennan dag, oft tvisvar til þrisvar á mínútu. Inn á milli eru tvær færslur þar sem hann færði alls 25.000 evrur yfir á tékkareikning sinn og í lok dagsins færði hann 31.190 evrur á tékkareikning sinn. Þegar hann hafði fært af gjaldeyrisreikningunum á tékkareikning sinn færði hann þá stærstan hluta þaðan yfir á tékkareikning sinn í KB-banka, alls 5.000.000 króna en þar af var hagnaðurinn rúmar 3.000.000 króna.

Einnig ber til þess að líta að fram er komið að bankinn gaf upp mismunandi gengi við kaup á dollurum fyrir evrur, eftir því hvort upphæðin var tiltekin í evrum eða dollurum, sem benti ótvírætt til þess að ekki væri allt með felldu.

Ákærði hefur haldið því fram að hann hafi ekki séð neitt óeðlilegt við viðskiptin og að hann hafi einfaldlega talið að um hagkvæm viðskipti væri að ræða.

Í því ljósi er það umhugsunarvert að hann kaus að sitja við tölvu sína og færa smáar upphæðir fram og til baka milli reikninga sinna í margar klukkustundir í stað þess að hafa samband við bankann og falast eftir að eiga slík viðskipti í stærra umfangi.

Að öllu framangreindu heildstætt metnu verður að telja sannað að það hafi ekki getað dulist ákærða að ágóði hans væri til kominn vegna mistaka bankans. Þykir samkvæmt framanskráðu sannað að ákærði hafi haft ásetning til að nýta sér mistök bankans í hagnaðarskygni svo sem rakið er í ákæru.

Í ákæru er ágóði ákærða af viðskiptunum talinn hafa numið 3.132.561,95. Ákærði hefur dregið í efa réttmæti fjárhæðar hagnaðar hans í ákæru og kveður hagnaðinn hafa numið kr. 3.109.305, þ.e þær fjárhæðir sem hann færði af evrureikningi sínum á tékkareikninginn, auk eftirstöðva á þeim reikningum sem hann notaði í viðskiptunum, að frádregnum kr. 1.900.000 sem hann lagði inn í upphafi. Sú upphæð sem í ákæru greinir styðst við niðurstöðu á framlögðu yfirliti

efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans. Nefnist sá dálkur: „Meintur ávinningur í ISK a.m.k.“ Samkvæmt því er þar ekki um nákvæma niðurstöðu að ræða. Þykir því ekki sannað, gegn neitun ákærða, að um hafi verið að ræða hærri fjárhæð en hann nefnir.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið þykir brot ákærða sannað eins og því er í ákæru lýst þó þannig að ósannað er að ákærði hafi með háttsemi sinni, aflað sér hærri fjárhæðar en kr. 3.109.305, sem hann hefur viðurkennt. Varðar brot ákærða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo sem í ákæru greinir.

IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum. Við ákvörðun refsingar verður að auki litið til þess að ákærði hefur játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök og samþykkt að skila öllum ágóða sínum til Glitnis banka hf. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Enginn útlagður kostnaður hlaust af rannsókn málsins og ekki er gerð krafa um málsvarnarlaun af hálfu verjanda ákærða.

Dómsuppsaga hefur dregist lítillega vegna anna dómarsins.

Dóminn kveður upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X sæti fangelsi í 3 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.